

Slysa-og ábyrgðartrygging íþróttamanna

Skilmáli P-1

1. kafli. Almenn

- 1.1 Um váttrygginguna gilda lög nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga, ef eigi leiðir annað af skilmálum þessum eða öðrum ákvæðum váttryggingarsamnings.
- 1.2 Váttryggingin gildir fyrir íþróttafélag sem er aðili að Íþróttá og Ólympíusambandi Íslands.
- 1.3 Í skilmála þessum þýðir hugtakið "félagið" Vörð tryggingu h.f. en hugtakið "váttryggingartaki" íþróttafélag það sem tekið hefur þessa váttryggingu og greiðir af henni iðgjald.
- 1.4 Váttryggingin skiptist í tvo kafla, slysatryggingu og almenna ábyrgðartryggingu.
- 1.5 Váttryggingin gildir jafnt á Íslandi sem erlendis, svo fremi sem annað sé ekki tekið fram í sérákvæðum skilmálans.
- 1.6 Váttryggingin gildir við framkvæmd þeirra verka, eða við þær athafnir, sem að lög eða samþykktir váttryggingartaka mæla fyrir um. Váttryggingin gildir einnig við skipulagningu og framkvæmd allra móta váttryggingartaka, hvort sem mótin eru haldin eingöngu á vegum tryggingartaka eða í samvinnu við önnur sambönd eða félög sem ekki starfa á viðskiptagrundvelli
Váttryggingin gildir þó ekki:
 - a) við framkvæmd á alþjóðamóti fyrir alþjóðleg íþróttasambönd s.s. ólympíuleikum, heimsmeistaramót eða Evrópumót;
 - b) við athafnir, framkvæmdir eða verkefni sem eru viðskiptalegs eðlis og tengjast ekki beint tilgangi félagsins, mótshaldi þess eða almennri fjáröflun sem vani er að sé stunduð í tengslum við tilgang félagsins;
 - c) við athafnir eða framkvæmdir í tengslum við flugeldasölu. Slíkt er þó hægt að sértryggja gegn viðbótariðgjaldi.
- 1.7 Váttryggðir eru:
 - a) váttryggingataki;
 - b) allir virkir og óvirkir félagar váttryggingartaka sem greiða félagsgjald til váttryggingartaka;
 - c) allir starfsmenn og stjórnendur váttryggingartaka;
 - d) allir dómarar, kennarar, þjálfarar, tímaverðir, aðstoðarmenn, verkamenn og aðrir sem að koma nálægt rekstri váttryggingartaka og samræmast gildissviði váttryggingarinnar sbr. gr.1.6;
 - e) allt aðstoðarfólk sem ráðið er tímabundið af váttryggingartaka í tengslum við mót;
 - f) Váttryggingin nær ekki til atvinnuþróttamanna né meðlima váttryggingartaka sem að ljóst var við inngöngu að yrðu aðeins meðlimir hjá váttryggingartaka í stuttan tíma (minna en 12 mánuði). Slíkar áhættur er unnt að sértryggja gegn viðbótariðgjaldi.
- 1.8 Váttryggingin tekur til:
 - a) allrar íþróttastarfsemi hjá váttryggingartaka, hvort sem starfsemi fer fram í mannvirki í eigu váttryggingartaka eða annarra, á víðavangi, með tækjum eða án;
 - b) sérstakra verkefna sem framkvæmd eru með vitneskju og vilja váttryggingartaka, s.s. séræfinga keppnisíþróttamanna, siglingar siglingafélaga eða önnur sérsvið sem að viðkomandi félag og meðlimir þess stunda og eru eðlilegur hluti af starfsemi þess;
 - c) þátttöku í mótum á vegum tryggingartaka, innanlands sem erlendis. Við þátttöku í mótum á vegum annarra en váttryggingartaka gildir váttryggingin aðeins ef að tryggingartaki hefur tilkynnt formlega um þátttöku hóps, liðs eða einstakra keppanda á sínum vegum eða gefið formlegt umboð sitt fyrir mótshaldi eða þátttöku í því. Váttrygging váttryggðs áhorfanda, sbr. gr.1.7, hefst með inngöngu hans á leikvang, eða annan stað þar sem mót fer fram, og lýkur með brottför hans þaðan.
 - d) byggingar, viðhalds og viðgerða á mannvirkjum eða tækjum á vegum váttryggingartaka enda sé slíkt starf unnið í sjálfböðavinnu.
 - e) Váttryggingin tekur ekki til íþróttaiðkunar hinna váttryggðu á eigin vegum, hvort sem er æfingar eða keppni.
- 1.9 Váttryggingin nær til ferðalaga hinna váttryggðu, um allan heim, á vegum váttryggingartaka samkvæmt eftirfarandi afmörkun:
 - a) Váttryggingin hefst við brottför frá heimili váttryggðs og stendur þar til þangað er komið aftur. Ef að lagt er stað frá öðrum stað, t.d. vinnustað gildir þessi grein eftir því sem við á.
 - b) Lengi váttryggður ferðalagið til eigin erindisgerða fellur váttryggingin niður þann tíma, en hefst aftur þegar ferð er framhaldið.
- 1.10 Váttryggingin tekur ekki til vinnu sérfræðinga á sérsviði sínu, svo sem verkfræðinga, lögfræðinga, arkitekta o.s.frv., þótt hún sé leyst af hendi í þágu váttryggingartaka.

2. kafli. Íþróttaslysatrygging

Bótasvið

- 2.1. Váttryggingin greiðir bætur samkvæmt váttryggingaupphæðum í gr. 2.4, verði einhver hinna váttryggðu fyrir líkamlegu slysi. Slysi telst vera skyndilegur, utanaðkomandi atburður sem veldur áverka/tjóni á líkama váttryggðs og gerist án vilja hans. Þrátt fyrir þessa skilgreiningu teljast eftirtalin atvik vera innifalin í váttryggingunni.
 - a) Kviðslit sem verður við íþróttaiðkun og er tilkynnt félaginu án tafar.

b) Heilsutjón eða andlát við böð, sund, vegna sólstings eða annarra áhrifa ljóss, hitastigs eða veðurs. Þetta gildir einnig þótt að ekki sé um að ræða beinar afleiðingar slyss.

c) Allar togningar, snúningar og slit sem orsakast á skyndilegan og óvæntan hátt.

d) Andlát sem að orsakast beint af líkamlegri örmögnum við virka þátttöku í keppni eða við æfingar. Bætur eru 50% af dánarbótum váttryggingarinnar

2.2 Váttryggingin bætir ekki slys sem verða vegna eftirtalinnna atvika:

a) Slys sem verða í flugi, nema að sá sem tryggður er sé farþegi í áætlunar- eða leiguflugi á vegum aðila sem hefur tilskilinn leyfi hlutaðeigandi flugmálayfirvalda.

b) Slys sem verða í fallhlífurstökki, teygjustökki, drekaflugi og sviffugi.

c) Slys sem verða við ástundun akstursíþróttar, hvort sem er við æfingar eða keppni.

d) Slys sem beint eða óbeint eru af völdum kjarnabreytingar, jónandi geislunar, mengunar af geislavirkum efnum, kjarnaeldsneytis og kjarnaúrgangsefnis eða af völdum styrjaldar, innrásar, hernaðaraðgerða, borgararósta, uppreisnar, eða svipaðra aðgerða

e) Slys er sá sem váttryggður er verður fyrir í handalögmáli, við þátttöku í refsiverðum verknaði, undir áhrifum deyfing- og/eða eiturflyfa eða í ölæði, nema sannað sé að ekkert orsakasamband hafi verið milli þess ástands váttryggðs og slyssins.

f) Slys sem verða vegna lækningameðferðar, skurðaðgerðar eða lyfjanotkunar, nema það sé að læknisráði vegna bótaskylds slyss.

h) Slys sem orsakast af matareitrun, drykkjareitrun, hvers kyns smiti eða neyslu

i) Slys sem orsakast af ásetningi hins váttryggða.

2.3 Slys sem andlega fatlaðir eða geðveikir einstaklingar verða fyrir, bætast því aðeins að ekkert orsakasamband hafi verið milli þess ástands váttryggðs og slyssins sem hann varð fyrir.

Bætur vegna slyss

2.4. Slysabætur váttryggingarinnar eru:

i) Vegna andláts kr. 400.000

ii) Vegna örorku kr. 4.000.000 sem grunnupphæð en kr. 12.000.000 fyrir 75% örorku eða meira.

a) Valdi slys þeim, sem váttryggður er, varanlegu líkamstjóni innan þriggja ára frá því að slysið varð, greiðast örorkubætur á grundvelli þeirrar grunnupphæðar örorkubóta, sem var í gildi á slysdegi. Örorku skal meta í hundraðshlutum. Meta skal skerðingu á líkamlegri færni, án tillits til starfs, sérstakra hæfileika eða þjóðfélagsstöðu hins slasaða. Örorka getur aldrei talist meir en 100%. Engar örorkubætur greiðast sé örorka undir 20% Örorkubætur greiðast í hlutfalli við grunnupphæð örorkubóta, þó þannig að hvert örorkustig frá 26-50% verkar tvöfalt og hvert örorkustig frá 51-74% verkar þrefalt. Við 75% örorku eða hærri eru greiddar fullar örorkubætur kr. 12.000.000

b) Missir eða bækluun á útlím eða líffæri, sem var ónothæft fyrir slysið, gefur ekki rétt til örorkubóta. Vegna missis eða bækluunar á útlím eða líffæri, sem áður var bæklað, skal meta örorku með hliðsjón af bækluuninni fyrir slysið.

c) Örorkan ákveðst í fyrsta lagi einu ári eftir slysið með hliðsjón af ástandi slasaða þá. Telji slasaði eða félagið, að örorkan geti breyst, getur hvor aðili um sig krafist þess, að endanlegu örorkumat verði frestað, en þó ekki lengur en í þrjú ár frá slysdegi. Fyrirframgreiðsla örorkubóta, áður en endanlegt örorkumat liggur fyrir, er að hámarki upphæð sem samsvarar dánarbótum.

d) Ef gera megi ráð fyrir, að ástand hins slasaða kunni að breytast skal undantekningarlaust framkvæma örorkumat í síðasta lagi þremur árum eftir slysið. Í þessu tilfelli ber að ákveða örorkuna eins og gera má ráð fyrir, að hún verði endanleg. Ef líkur eru til að ástand hins slasaða megi bæta með lækningameðferð eða þjálfun, og hann veigrar sér við án gildra ástæðna að gangast undir slíka meðferð, ber samt sem áður við ákvörðun örorkubóta að taka tillit til hugsanlegs bata, sem slík meðferð kynni að hafa í för með sér.

e) Slys sem einungis valda lýti, eru ekki bótaskyld.

f) Valdi slys dauða þess sem váttryggður er innan árs frá slysdegi greiðist váttryggingafjárhæð sem í gildi var á slysdegi að frádregnum bótum fyrir varanlega örorku sem félagið kann að hafa greitt vegna sama slyss. Dánarbætur greiðast því aðeins að slysið sé bein og eina orsök þess að váttryggður deyr.

Örorkutafla

2.5 Valdi bótaskyld slys þeim, sem váttryggður, varanlegu líkamstjóni innan þriggja ára frá því að slysið varð, greiðast örorkubætur á grundvelli þeirrar upphæðar sem í gildi var á slysdegi. Örorka er metin í hundraðshlutum með hliðsjón af örorkutöflu þessarar greinar. Að þessari töflu slepptri skal miða við töflur Örorkunefndar um miskastig sem í gildi er á þeim tíma sem að örorkumat fer fram. Sé áverka ekki getið í hvorugri töflunni skal meta örorkuna með hliðsjón af báðum örorkutöflunum. Meta skal skerðingu á líkamlegri færni, án tillits til starfs, sérstakra hæfileika eða þjóðfélagsstöðu hins slasaða.

Missir líkamshluta	Varanleg örorka
Handleggur við axlarlið	70%
Handleggur ofar en olnbogi	65%
Handleggur fyrir neðan olnboga	60%
Hönd við úlnlið	55%
Þumalfingur	20%
Vísifingur	10%
Aðrir fingur	5%
Fótleggur ofan við miðjan lærvöðva	70%
Fótleggur að miðjum lærvöðva	60%
Fótleggur undir hné	50%
Fótleggur að miðjum kálfa	45%

Fótleggur við ökla	40%
Stóratá	5%
Aðrar tær	2%
Eitt auga	50%
Bæði augu	100%
Heyrn á einu eyra	30%
Heyrn á báðum eyrum	100%
Lyktarskyn	10%
Bragðskyn	5%

- 2.6 Slasaða ber að leita læknis strax eftir að slys hefur borið að höndum, gangast undir nauðsynlegar læknisaðgerðir og fara í öllu að fyrirmælum læknis.
- 2.7 Tilkynna skal slys þegar í stað á þar til gerðum eyðublöðum félagsins, ef unnt er, en annars á annan hátt til bráðabirgða.
- 2.8 Látist sá sem váttryggður er, af slysförum, skal tilkynna félaginu það eins fljótt og auðið er.
- 2.9 Þegar slys ber að höndum er félaginu heimilt að láta trúnaðarlækni sinn skoða þann sem váttryggður er, svo og afla sér upplýsinga um fyrra heilsufar hans. Þegar læknishjálp lýkur eða þegar unnt er að dæma um afleiðingar slyssins skal senda félaginu læknisvottorð og bótakröfu.

3. kafli. Frjáls ábyrgðartrygging

Bótasvið

- 3.1 Félagið váttryggir gegn þeirri skaðabótaskyldu er fellur á váttryggingartaka eða einhvern hinna váttryggðu að íslenskum lögum sem einstaklinga eða lögpersónur, enda sé skaðabótaskyldan bein afleiðing af tjóni á mönnum eða munum (þar með taldar fasteignir og dýr) og ekki víðtækari en venjuleg skaðabótaskylda utan samninga.
- 3.2 Félagið váttryggir gegn þeirri skaðabótaskyldu er fellur á váttryggingartaka samkvæmt íslenskum lögum sem eiganda húseignar eða húseignarhluta. Váttryggingin nær aðeins til tjóns, sem verður vegna húseignarinnar eða eignarhluta váttryggingartaka eða vegna sameiginlegrar ábyrgðar hans með öðrum eigendum hússins og þá í réttu hlutfalli við eignarhluta hans, enda sé skaðabótaskyldan bein afleiðing af tjóni á mönnum eða munum (þar með taldar fasteignir og dýr) og ekki víðtækari en venjuleg skaðabótaskylda utan samninga.
- 3.3 Félagið váttryggir gegn þeirri skaðabótaskyldu er fellur á váttryggingartaka samkvæmt íslenskum lögum sem leigutaka eða afnotahafa hvers kyns mannvirkja eða lóða sem þjóna venjulegum rekstri váttryggingartaka, enda sé skaðabótaskyldan bein afleiðing af tjóni á mönnum eða munum (þar með taldar fasteignir og dýr) og ekki víðtækari en venjuleg skaðabótaskylda utan samninga. Til mannvirkja teljast hvers kyns byggingar, sundlaugar, íþróttavellir og áhorfendastúkur.
- 3.4 Við breytingar á áhættu vegna verklegra framkvæmda, viðhalds eða endurbóta á mannvirkjum eða lóðum, þar sem kostnaður fer fram úr kr. 15.000.000.-, skal váttryggingartaki gera félaginu aðvart og greiða viðbótariðgjald til þess að sú heildaráhætta sé innifalin í þessari váttryggingu. Sé kostnaður við þessar framkvæmdir áætlaðar undir kr. 15.000.000.- er sú áhættuaukning innifalin í þessari váttryggingu.
- 3.5 Ef bótakrafa kemur fram á hendur váttryggðum á því sviði, sem váttryggingin nær til, á félagið rétt á að annast uppgjör og málsvörn ef til hennar kemur. Yfirlýsingar váttryggðs um bótaskyldu sína binda ekki félagið og ber váttryggður ábyrgð á slíkum yfirlýsingum sjálfur. Félagið greiðir kostnað við málsvörn enda þótt samanlagður kostnaður tjónsbóta og málskostnaðar nemi hærri upphæð en váttryggingarfjárhæðinni. Þessi kostnaður getur þó ekki farið framyfir 25% af váttryggingarfjárhæð.
- 3.6 Váttryggingin bætir eftirfarandi gagnkvæmar kröfur milli hinna váttryggðu.
- Félagsmanns váttryggingartaka á hendur váttryggingartaka
 - Félagsmanns váttryggingartaka á hendur stjórnanda, starfsmanni eða aðstoðarmanni váttryggingartaka og öfugt.
 - Félagsmanni váttryggingartaka á hendur öðrum félagsmanni váttryggingartaka svo fremi sem almennar réttarreglur um áhættutöku eða samþykki eigi ekki við.
 - Allar aðrar kröfur sem hinir váttryggðu hafa uppi sín á milli eru fyrir utan bótasvið þessarar ábyrgðartryggingar.
- 3.7 Ábyrgðartryggingin gildir um allan heim. Bætur vegna atvika sem eiga sér stað í Bandaríkjum Norður-Ameríku, Kanada og Mexíkó takmarkast við málskostnað, kostnað við að koma í veg fyrir eða takmarka tjón og bætur vegna þeirra beinu hagsmuna sem hafa orðið fyrir tjóni. Í engum tilfellum bætir þessi ábyrgðartrygging kröfur sem bera með sér einkenni sektar eða refsingar (punitive damages).
- 3.8 Ef að váttryggingartaki heldur íþróttamót með ótryggðum aðilum þá gilda eftirfarandi ákvæði:
- Bótaábyrgð félagsins takmarkast við þáttökuhlutfall váttryggingartaka í mótinu. Ekki skiptir máli í hvaða félagi persónur eða hlutir tilheyra, sem tjóninu valda.
 - Ábyrgðartryggingin gildir ekki um innbyrðis kröfur aðila að slíku íþróttamóti
 - Ábyrgðartryggingin nær ekki til muna sem að aðilar að slíku íþróttamóti hafa lagt til mótsins eða útvegað.

Undantekningar frá bótaábyrgð félagsins

- 3.9 Ábyrgðartrygging þessi gildir ekki:
- vegna notkunar áhorfendapalla sem ekki hafa verið teknir út og samþykktir af viðeigandi yfirvöldum;
 - vegna notkunar vélknúins ökutækis s.s. bifreiðar, skips, báta eða loftfara. Þó ber félagið ábyrgð vegna vinnuvéla sem ekki eru skráningarskyld og komast ekki yfir 20 km. hraða á klukkustund;
 - taki önnur váttrygging yfir tjónið svo sem brunatrygging fasteigna, lausafjártrygging eða önnur ábyrgðartrygging;
 - vegna muna sem að váttryggður hefur að láni, í geymslu eða eru af öðrum ástæðum í vörslu hans. Um vörslur eða afnot á fasteignum gilda ákvæði gr.3.3.

- e) vegna dýrahalds eða dýragæslu. Slíka áhættu er hægt að váttryggja sérstaklega.
 - f) vegna sekta, málskostnaðar eða annarra útgjalda í sambandi við refsímál;
 - g) vegna tjóns sem verður sökum mengunar lofta, jarðar, gróðurs, sjávar eða vatns. Félagið bætir þó þess háttar tjón, ef það verður rakið til eins, skyndilegs, og óvænts atburðar.
 - h) vegna tjóns sem orsakast af langvarandi raka eða vatnsleka;
 - i) verði tjón af völdum ásetnings váttryggðs;
 - j) vegna tjóna sem rekja má til blysa, flugelda eða annarra sprengiefna.
- 3.10. Váttryggingafjárhæð ábyrgðartryggingarinnar vegna líkams- eða munatjóns er 80.000.000 kr. árlega. Váttryggður ber 10.000 kr. í sjálfsábyrgð í hverju tjóni.

4. kafli. Sameiginleg ákvæði

- 4.1. Váttryggingin gildir frá þeim tíma sem félagið eða umboðsmaður þess samþykkir váttryggingarbeiðni. Fyrsta iðgjald fellur í gjalddaga þann dag sem váttryggingin tekur gildi sé eigi um annan gjalddaga samið. Sé iðgjald ógreitt 90 dögum eftir gildistöku eða endurnýjunar váttryggingarinnar fellur bótaábyrgð félagsins niður án frekari fyrirvara.
- 4.2. Váttryggingin gildir í eitt ár í senn, sé annars ekki getið í skírteininu, og hafi váttryggingartaki eða félagið ekki sagt henni skriflega upp, einum mánuði fyrir lok váttryggingartímabilsins, endurnýjast hún í eitt ár hverju sinni.
- 4.3. Í upphafi hvers váttryggingarárs skal áætla iðgjald samkvæmt upplýsingum váttryggingartaka um áætlaðan fjölda vinnuvikna starfsmanna í hverjum áhættuflokki og fjölda félagsmanna sem greiða váttryggingartaka félagsgjöld. Váttryggingartaka er skylt að láta félaginu í té, innan tveggja mánaða frá lokum váttryggingarársins, allar þær upplýsingar sem hún telur nauðsynlegar til endanlegrar iðgjaldsákvörðunar. Vanræki váttryggingartaki að gefa upplýsingarnar í tæka tíð má félagið ákveða endanlegt iðgjald eins og það telur sanngjarnt. Ef hið endanlega iðgjald er hærra en bráðabirgðaiðgjald það sem greitt hefur verið, ber váttryggingartaka að greiða mismuninn innan 14 daga frá því að þess var krafist. Sé endanlegt iðgjald lægra en bráðabirgðaiðgjaldið, ber félaginu að endurgreiða mismuninn innan viku frá því að útreikningurinn fór fram.
- 4.4. Skýri váttryggingartaki sviksamlega frá eða leyni atvikum er skipta máli um ábyrgð félagsins glatar hann rétti sínum á hendur félaginu, sbr. 23. gr. laga nr. 20/1954 um váttryggingarsamninga.
- 4.5. Um svik og aðrar rangar upplýsingar við samningsgerð fer eftir ákvæðum sömu laga.
- 4.6. Verði ágreiningur um váttrygginguna skal íslenskur dómstóll skera úr honum skv. íslenskum lögum.
- 4.7. Ágreiningi um bótaskyldu má skjóta til Úrskurðarnefndar í váttryggingamálum. Upplýsingar um nefnd þessa og starfshætti þeirra má fá hjá félaginu
- 4.8. Kröfur, sem rísa af skírteini eða skilmálum þessum, fyrnast á 4 árum frá lokum þess almanaksárs sem kröfuhafinn fékk vitneskju um kröfu sína og átti þess fyrst kost að leita fullnustu hennar. Kröfur þessar fyrnast þó í síðasta lagi á 10 árum frá því að váttryggingaaturð bar að höndum.
- 4.9. Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík. Ágreiningi um bótaskyldu má skjóta til Úrskurðarnefndar í váttryggingamálum. Upplýsingar um nefnd þessa og starfsháttu má fá hjá félaginu. Dómsmál sem kunna að rísa vegna þessa váttryggingarsamnings skulu rekin gegn félaginu fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Skilmálar þessir gilda frá 10.06. 2005